

REYKJAVÍKURBORG
Janúar 20203

Þjónusta þriggja skólasafna í Reykjavík

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags-
og starfsáætlunar



Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Lýsing á verkefninu og greiningunni.....	2
Inngangur	3
Kortlagning	5
Austurbæjarskóli	5
Laugarnesskóli	6
Víkurskóli	7
Barnabókamessa	7
Innkaupastefnur og val á bókum.....	7
Bókaútgáfa.....	8
Niðurstaða	9
Aðgerðir	12
Umræða og lokaorð.....	13
Heimildir	14
Viðauki 1. Yfirlit yfir skólabókasöfn, stærð, útlán og starfsgildi.	15
Viðauki 2. Starfsfólk skólasafna.	16
Viðauki 3. Erindisbréf verkefnahóps.	17

Samantekt

Helstu tillögur verkefnahópsins:

Markmiðið með greiningunni var að skoða hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda stuðli að jafnrétti. Greiningin leiddi í ljós að talsvert vantaði upp á að staðan í dag leiði til jafnréttis og eftirfarandi aðgerðir eru lagðar fram til að leiðrétta það:

- Til að jafna aðgengi barna í grunnskólum Reykjavíkur að lesefni þarf að setja á laggirnar miðlæga þjónustu þar sem starfsfólk grunnskólanna getur fengið að láni t.d. bækur á rúmlega 90 tungumálum fyrir þá nemendur sem á þeim þurfa að halda hverju sinni, bókmenntir frá ýmsum löndum og heimshornum í bekkjarsettum o.fl. Sjá Medioteket¹ í Stokkhólmi sem fyrirmynd að þessari þjónustu.
- Innihaldsríkara samstarf við Félag íslenskra útgefenda og aukið fjármagn í að styrkja íslenska barna- og ungmennaútgáfu, frumsamið efni og þýðingar. Huga þarf sérstaklega að því að útgefið efni spegli vel fjölbreytileikann í mannlífsflórinni. Einnig vantar sárlega meira úrval bóka fyrir unglíng/ungmenni á íslensku.
- Það myndi auka jafnrétti milli skóla að eyrnamerkja upphæð sem hver skóli hefur til ráðstöfunar til rithöfundaheimsókna.
- Jafna út aðstöðumun á milli grunnskóla, og þar með skólasafna, hvað varðar upphæð sem skólarnir fá til bókakaupa. Það þarf að vera sérstakur kvóti ætlaður til þessa, reiknaður út frá nemendafjölda í hverjum skóla fyrir sig.
- Tryggja áframhaldandi starfsemi Barnabókamessu í nóvember hvert ár til að jafna aðgengi allra nemenda að nýju efni. Miða við ákveðna upphæð á nemenda.
- Vinna að því að efla jafnréttisvitund og auka fræðslu starfsfólks grunnskólanna þannig að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi góðs aðgengis að vönduðu lesefni og þess að allir nemendur í Reykjavík geti fundið samsömun og speglað sig í heimi bókmenntanna.
- Fylgjast með og greina árlega útgefið efni hvað varðar birtingarmyndir ýmissa hópa í barna- og unglíngabókum.

¹ <https://pedagog.stockholm/kompetensutveckling/verktyg-resurser/bocker-pa-manga-sprak-till-skolbiblioteket/>

Lýsing á verkefni og greiningunni

Tilgangur verkefnisins er að greina þjónustu skólasafna í Reykjavík. Valdir hafa verið þrjár skólar og rýna skal þjónustu þeirra út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS). Skoða skal hvort kynjajafnræðis sé gætt varðandi val á keyptum bókum, framsetningu og kynningu. Skoða skal hvort þjónusta safnsins komi jafnt til móts við börn og unglinga af öllum kynjum, þar á meðal kynsegin börnum. Það er mikilvægt að við gerum það sem við getum til að vinna gegn staðalmyndum um hefðbundin kynjahlutverk, sem geta sér í lagi verið skaðleg fyrir kynsegin börn sem falla í hvorugt af þeim boxum sem samfélagið beinir fólki í.

Einnig skal rýna sérstaklega í það hvort hugað sé að margbreytileikanum í bókakosti safnsins og bækur sem innihalda fjölbreytt mannlíf séu aðgengilegar og vel sýnilegar t.d. bækur sem innihalda fátækt, hinsegin málefni/hinsegin fólk, fólk af erlendum uppruna, fólk með fötlun, fólk með mismunandi líkamsgerð og líkamlega færni. Varpa skal ljósi á þá þjónustu safnsins sem hefur sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif.

Þjónustuþáttur: Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Þjónusta skólabókasafna í Reykjavík

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Skóla- og frístundasvið

Nafn ábyrgðaraðila: Helgi Grímsson

Greiningaraðilar/teymi: Inga Lára Birgisdóttir, Margrét Björnsdóttir, Vala Nönn Gautsdóttir og Vignir Ljósálfur Jónsson

Hvenær/greiningartími: júní 2022 – janúar 2023

Inngangur

Í júní 2022 skipaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs verkefnahóp til að rýna starfsemi skólasafna með tilliti til kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Tilgangur verkefnisins var að greina þjónustu skólasafna í Reykjavík út frá kynja- og jafnréttissjónarmiði. Valdir voru þrír skólar og rýnt í þjónustu þeirra út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS). Skólarnir sem urðu fyrir valinu voru Austurbæjarskóli, Laugarnesskóli og Víkurskóli. Skoðað var hvort kynjajafnræðis væri gætt varðandi val á keyptum bókum, framsetningu og kynningu. Athugað var hvort þjónusta safnanna kæmi jafnt til móts við börn og unglinga af öllum kynjum. Rýnt var sérstaklega í það hvort hugað væri að margbreytileikanum í bókakosti safnsins og bækur sem innihalda fjölbreytt mannlíf séu aðgengilegar og vel sýnilegar t.d. bækur sem innihalda fátækt, hinsegin málefni/hinsegin fólk, fólk af erlendum uppruna, fólk með fötlun, fólk með mismunandi líkamsgerð og líkamlega færni. Varpað var ljósi á þá þjónustu safnsins sem hefur sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif. Það er mikilvægt að nemendur sem tilheyra jaðarhópum² geti endurspeglað sig í efni bókanna, hvort heldur sem er skáldsögum eða fræðibókum.

Samkvæmt erindisbréfi voru helstu verkefni hópsins:

- Að taka saman lista yfir þær bækur sem safnið hefur eignast á skólaárunum 2020-2021 og 2021-2022
- Að taka saman lista yfir kynjahlutfall höfunda þeirra bóka
- Að taka saman lista yfir kynjahlutfall nemenda sem nýta safnið, er munur á kynjum hvað varðar úttektir á bókum?
- Að skoða fjölbreytileikann á bókalista síðustu tveggja ára. Er skortur á birtingarmyndum einhverra jaðarhópa?
- Að skoða hvort einhver þjónusta safnsins hafi sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif fyrir einhverja hópa
- Að skoða hvort einhverjir hópar barna séu útilokaðir frá þjónustu safnsins s.s. vegna tungumáls
- Að skoða hvernig framsetning á bókum er og hvernig þær eru kynntar, eru allar nýjar bækur kynntar á sama hátt eða er valið hverjar fá kynningu? Hvernig er staðið að því vali?
- Að leggja fram tillögu að frekari greiningu eða úrbótum eftir því sem við á

Verkefnahópin skipuðu:

- Inga Lára Birgisdóttir, bókasafnsfræðingur/kennari Austurbæjarskóla
- Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri SFS og formaður hópsins
- Vala Nönn Gautsdóttir, upplýsingafræðingur/kennari Víkurskóla
- Vignir L. Jónsson, kennari Laugarnesskóla.

Sérfræðingar sem leitað var til:

- Bryndís Loftsdóttir, Félag íslenskra bókaútfendna

² Jaðarhópar: Hópur sem upplifir sig á jaðri samfélagsins og er minnihlutahópur.

Jaðarhópur getur sýnt aðra hegðun, viðmið eða gildi en almennt eru viðurkennd í samfélagi. Jaðarsetning hópa getur einnig verið tilkomin vegna annarra þátta, svo sem félags- og efnahagslegrar stöðu, uppruna, trúarskoðana eða aldurs. Jaðarhópar mæta oft fordómum með einum eða öðrum hætti. (<https://idordabanki.arnastofnun.is/faersla/731295>)

- Guðrún Lára Pétursdóttir, bókmenntafræðingur
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Verkefnahópurinn starfaði á tímabilinu júní 2022 - janúar 2023. Hópurinn hélt samtals fimm fundi og fór í þrjár vettvangsferðir.

Kortlagning

Í Reykjavík eru starfræktir 36 grunnskólar og 2 sérskólar sem allir vinna eftir aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og stefnum Reykjavíkurborgar í menntamálum. Starfsfólk skólasafnanna eru 36, þar af 29 konur (81%) og 7 karlar (19%). Eitt meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs, og því er mikilvægt að greina þjónustu sem skólarnir veita út frá kynja- og fjölbreytileikasjónarmiði. Mikilvægi læsis kemur vel fram í Látum draumana rætast: Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 ótölusett bls. 14. „*Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.*“. Í lögum um grunnskóla er fjallað um skólabókasafnið sem upplýsingamiðstöð, sem vinna á að menntun allra nemenda í nánum tengslum við skólasamfélagið. Á skólasöfnum er gert ráð fyrir samvinnu milli námsgreina og námssviða, þar sem nemendur geta nýtt fjölbreytt tæki og gögn í ýmsu formi í námi sínu. Skapast þar vettvangur til að efla læsi nemenda í víðum skilningi og þjálfu þau í að beita upplýsingatækni.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Nemendur í grunnskólum eru ólíkir og hafa ólíkan bakgrunn og mikilvægt er að skólinn geri öllum kleift að stunda nám, óháð heimilisaðstæðum. Skólasöfn gegna mikilvægu hlutverki í skólastarfi á öllum námsstigum en til þess þarf fjármagn og hæft fagfólk. Þau geta jafnað aðgengi nemenda að bókum til yndislestrar og að upplýsingum og úrvinnslu þeirra. Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur, orðar það svo í grein árið 2011: „*Í þeim raunveruleika sem við búum við í dag, er vart hægt að gera ráð fyrir að öflug kennsla í yndislestri fari fram á hverju íslensku heimili. Þar verður grunnskólinn að gegna lykilhlutverki til að gæta jafnræðis meðal barna. Ein mikilvægasta kennarastaða grunnskólans er staða bókasafnskennara.*“ (Kristín Helga Gunnarsdóttir, 2011).

Greining þessi afmarkast við bókasöfn þriggja grunnskóla sem voru tilnefndir til þátttöku í verkefninu; Austurbæjarskóli, Laugarnesskóli og Víkurskóli. Skólarnir þrír eru misjafnlega uppbyggðir, einn heildstæður skóli, einn með nemendur á yngsta- og miðstigi og síðan einn unglingsafnskóli. Skólanir eru því taldir gefa góða mynd af skólastarfi almennt í borginni. Hér á eftir kemur stutt yfirlit yfir skólana þrjá og starfsemi skólasafnanna.

Austurbæjarskóli

Austurbæjarskóli er heildstæður grunnskóli og stendur við Barónsstíg í Reykjavík. Skólinn tók til starfa árið 1930. Nemendur eru u.þ.b. 420 og eru að jafnaði tvær bekkjardeildir í hverjum árgangi. Árið 2021 voru 43% nemenda með Íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) og árið 2022 voru 50% nemenda með ÍSAT. Einkunnarorð skólans eru vöxtur, vilji, víðsýni og vellíðan.

Skólasafn Austurbæjarskóla er staðsett miðsvæðis á 1. hæð miðálmu. Það er 120 fm að stærð og rúmar um 50 manns í sæti. Skólabókasafnið á um 14.000 bækur o.þ.h. Á safninu eru líka ýmis önnur gögn s.s. veggspjöld, spil og töfl. Safngögn eru keypt inn í sem mestu samráði við kennara, starfsfólk og nemendur. Skólasafnið veitir alla almenna þjónustu s.s. útlán, upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit.

Markmið með starfinu á skólasafninu er að:

- Kenna nemendum að finna, nota, velja og framleiða ýmis gögn og heimildir.
- Örva lestur.
- Tryggja auðveldan aðgang að safnkosti.

Allar bekkjardeildir frá 1.-6. bekk koma vikulega, í eina önn eða yfir skólaárið, í tíma í upplýsingatækni á bókasafni. 7. árgangurinn er þrískiptur og koma nemendur í bókaklúbbba á skólasafnið. Nemendur í 8.-10. bekk skila sögugreiningum inn á Google classroom og koma í lestrarviðtöl nokkrum sinnum yfir skólaárið. Þannig er safnið í góðum tengslum og samvinnu við alla nemendur skólans.

Safnkennslan felst m.a. í að nemendur eru þjálfaðir í upplýsingaleit og heimildavinnu skv. hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Yngstu nemendurnir fá sögustundir við sitt hæfi. Meðal viðfangsefna í bókasafnstímum hinna ýmsu árganga er t.d. heimilda- og bókmenntaritgerðasmíði, lestur og bókagerð. Á opnunartíma safnsins er nemendum frjálst að koma til að fá lánaðar bækur eða skoða, lesa og vinna á safninu. Mikilvægt að aðgengi nemenda sé gott að fjölbreyttu og uppbyggilegu lestrarefni.

Ýmis önnur starfsemi fer fram á skólasafninu í samræmi við það sem er efst á baugi hverju sinni. Sem dæmi má nefna lestrarhátíð í októbermánuði, bókaklúbbba, rithöfundaheimsóknir, útstillingar og kynningar, þátttöku í litlu og stóru upplestrarkeppnunum o.fl.

Laugarnesskóli

Laugarnesskóli stendur við Kirkjuteig 24 í Reykjavík og er einsetinn grunnskóli fyrir börn í 1.-6. bekk. U.þ.b. 10% nemenda er með íslensku sem annað mál (árin 2021 og 2022). Einkunnarorð skólans eru lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur, ósk. Skólinn tók til starfa 19. október 1935. Frá 1969 var hann eingöngu barnaskóli og frá haustinu 2002 fyrir 1. – 6. bekk. Frá því að Laugarnesskóli hóf störf hafa ýmsar hefðir orðið til sem eru orðnar fastir liðir í skólastarfinu. Má þar nefna listaverka- og náttúrugripasafn skólans, söng- og leiklistarhefð og skólaselið í Katlagili í Mosfellsdal. Stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim.

Skólasafn Laugarnesskóla var fyrst útibú frá Borgarbókasafni Reykjavíkur enda má sjá í nokkrum af elstu bókum safnsins (sem er haldið til haga vegna sögu bókasafnsins) stimpilinn Bæjarbókasafn Reykjavíkur). Skólasafnið tók til starfa í október 1970, hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Í dag sækja u.þ.b. 560 nemendur skólasafnið sem er opið mánudaga - fimmtudaga kl. 8:00 – 14:10 og föstudaga 8:30 – 10:00. Lögð er áhersla á að hafa lesefni sem fjölbreytilegast, skáldrit jafnt sem fræðiefni. Til þess að auka lestraráhuga nemenda eru í boði ýmsir bókaklúbbar eins og t.d. rithöfundaklúbbur, verðlaunabókaklúbbur, Harry Potter klúbbur, drekaklúbbur og fleiri lestrarhvetjandi bókaklúbbar.

Þegar Laugarnesskóli hlaut Regnbogavottun Reykjavíkur (2021) var strax farið að vinna í að eignast fjölbreyttan hinsegin bókakost en þess má geta að útgáfa hinsegin bókmennta hefur heldur aukist síðustu misseri.

Víkurskóli

Víkurskóli hóf starfsemi sína 1. ágúst 2020 og er nýr grunnskóli í norðanverðum Grafarvogi. Víkurskóli er fyrir nemendur í 8. - 10. bekk sem búa í Borga-, Engja-, Staðar- og Víkurhverfi. Nemendafjöldi skólaárið 2022-2023 er um 228. Af þeim eru u.þ.b. 2% með íslensku sem annað mál (árin 2021 og 2022).

Víkurskóli er nýsköpunarskóli sem hefur skapandi hugsun að leiðarljósi. Nýsköpun er lykillinn að nýjum lausnum, bættu verklagi og lausn flókinna viðfangsefna. Nýsköpunarskóli byggir undir þessa hæfni í kennsluaðferðum og nálgun viðfangsefna. Nemendur græða mest á því að gera, upplifa, ígrunda og ræða. Því er í Víkurskóla lögð áhersla á samþættingu og teymiskennslu. Með teymiskennslu er lögð áhersla á að auka samstarf kennara, bæði innan árgangs og milli árganga. Hugsunin er einnig að kennurum gefist kostur á að nýta sína hæfileika og styrkleika betur í samvinnu við samstarfsfólk.

Nýtt og endurnýjað bókasafn/upplýsingaver er í skólanum og er það opið alla daga. Þar er aðstaða til hópavinnu og lesturs. Opið er í frímínútum og hádegi flesta daga og er þá nemendum frjálst að koma og nýta sér aðstöðuna. Vinna á safninu miðar að því að þjálfa upplýsingalæsi nemenda og leggja grunn að sjálfstæðum vinnubrögðum í námi. Einnig að kenna nemendum að nota bækur og bókasöfn sér til gagns og gamans og í því markmiði er mikilvægt að nemendur hafi aðgang að fjölbreytilegu og nýlegu lesefni.

Barnabókamessa

Skólasöfnin hafa undanfarin ár fengið sérstaka fjárveitingu til kaupa á nýútgefnum bókum fyrir börn og unglinga. Verkefnið gengur undir nafninu Barnabókamessa. Heildarupphæð þessarar fjárveitingar fyrir leik- og grunnskóla hefur verið 9 milljónir á ári, u.þ.b. 440 kr. á nemanda. Markmiðið með þessari fjárveitingu er að jafna aðgengi allra barna að nýju efni þegar það er í umræðunni og með því er áhugi barna vakinn á spennandi nýju efni. Fyrir utan þessa fjárveitingu eru fjárveitingar skólasafna hluti af heildarúthlutun skólanna. Það væri til mikilla bóta að eyrnamerkja fjárupphæð bókakaupum, miða þar við nemendafjölda og þannig sitja allir við sama borð. Allir nemendur eru skólaskyldir og öflugt skólasafn í hverjum skóla, bæði hvað varðar aðföng og starfsemi, getur skipt sköpum í að ná til allra nemenda í Reykjavík.

Innkaupastefnur og val á bókum

Mörg skólasöfn marka sér innkaupastefnu frá tíma til tíma eða fram í tímann. Við bókval er leitast við að lesa nýútkomnar bækur, ritdóma, fá ábendingar frá nemendum og starfsfólki og hlusta eftir álitum fólks t.d. á fagfundum. Á fagfundum fer fram kynning á nýútkomnum bókum og einnig bækur um ýmis málefni, sjá t.d. afar gagnlegan bókvalsfund í Hlíðaskóla haustið 2021 þar sem bækur sem sýna fjölbreytileikann voru sérstaklega kynntar. Einnig heldur Félag fagfólks á skólasöfnum úti öflugri Facebook síðu sem stuðlar að allra handa samstarfi skólasafna í landinu, ekki síst hvað varðar bókval. Bókatengdar ráðstefnur, hér heima og erlendis, eru sömuleiðis gagnlegar, m.a. fyrir bókval. Mikilvægt er að sýna breidd, ekki bara að vera með vinsælustu bækurnar. Bækur endurspeglar menningararf og skólasöfnin mega ekki gefa of mikinn afslátt, sjá t.d. ljóðabækur, bækur sem endurspeglar fjölbreytileikann o.s.frv. Það er líka mikilvægt að grisja reglubundið safnskostinn og taka út t.d. efni sem er orðið úrelt, út frá ýmsum sjónarmiðum.

Bókaútgáfa

Samkvæmt Bókatíðindum 2014 komu út 78 íslenskar barnabækur og 92 þýddar barnabækur. Nokkrar þessara bóka voru þó endurútgáfur þannig að nýjar bækur fyrir börn voru heldur færri en þessar tölur segja til um (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2015). Þegar barnabækur eru undanskildar og einungis skoðuð útgáfa ungmennabóka á síðustu árum eru tölurnar ennþá daprari. Samkvæmt Bókatíðindum árið 2014 voru gefnar út 17 skáldsögur fyrir ungmenni, árið 2015 voru þær 21 og árið 2016 komu út 17 skáldsögur fyrir ungmenni. Árið 2017 voru þær 12 og samkvæmt Bókatíðindum árið 2018 voru þær 20 (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2018), 23 árið 2019, 15 árið 2020, 23 árið 2021 og 17 árið 2022 (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2014-2022).

Niðurstaða

Ómögulegt reyndist að taka saman lista yfir kynjahlutfall nemenda sem nýta safnið vegna þess að nýtt bókasafnskerfi var tekið í notkun í haust og ekki er hægt sem stendur að ná þessum gögnum úr kerfinu. Tilfinning fulltrúa vinnuhópsins er samt sem áður að ekki sé munur á heimsóknum eftir kynjum. Vert er að hafa í huga að upplýsingamennt er ein af kennslugreinum skólanna, ýmist sem sér fag eða samþætt með öðrum.

Við skoðun á kynjahlutföllum höfunda keyptrar skáldrita 2020-2021 annars vegar og 2021-2022 hins vegar kom í ljós að þau reyndust nokkuð jöfn, sjá töflu 1:

Tafla 1. Höfundar keyptrar skáldrita (titlar) skólaárin 2020-2021 og 2021-2022.

	2020-2021	2021-2022
Höfundur karlkyns	94 (50%)	87 (47%)
Höfundur kvenkyns	95 (50%)	100 (53%)

Mikill skortur er á að jaðarhópar geti speglað sinn reynsluheim í bókmenntum. Þó hefur orðið vitundarvakning í þjóðfélaginu, sbr. kynsegin einstaklinga sem nú koma oftast fyrir sem sögupersónur. Mun betur má þó ef duga skal og á það við um jaðarhópa almennt, svo sem fatlað fólk, flóttafólk, fólk með mismunandi líkamsgerð, líkamlega færni og fólk sem býr við fátækt o.s.frv.

Verkefnahópurinn skoðaði sérstaklega fjölbreytileikann í íslenski barnabókaútgáfu fyrir árið 2021 þar sem beint var sjónum að sögupersónum af kynþætti öðrum en hvítum, innflytjendum, kynsegin persónum og fötluðum. Greiningin tók til um eitt hundrað bóka. Í ljós kom að engin *aðalpersóna* tilheyrði þessum jaðarhópum. Aftur á móti voru fjórar barna- og unglingabækur með veigamiklar kynsegin sögupersónur sem leika lykilhlutverk í afmörkuðum hluta bókanna. *Sögupersónur* af öðrum kynþætti en hvítum voru í sjö bókum, aðeins ein þeirra er unglingabók. Af þessu má ráða að töluverð einsleitni er í íslenski barna- og unglingabókaútgáfu.

Vægi persóna – þrjú stig:

Söguhetja	Stórar og meðalstórar persónur	Litlar og jaðarpersónur
<ul style="list-style-type: none">SögumaðurSú persóna sem sjónarhornið hvílir hjá1-3 persónur í hverri bók	<ul style="list-style-type: none">Persónur sem koma reglulega fyrir í bókinniPersónur sem leika lykilhlutverk í afmörkuðum hluta bókarinnar	<ul style="list-style-type: none">Persónur í aukahlutverkiPersónur sem sjást bara á mynd

Stór/meðalstór persóna er hinsegin:

- Aðeins 4 titlar féllu í þennan hóp árið 2021.
 - 2 fyrir miðstig og 2 unglingastig.

Stórar/meðalstórar persónur af öðrum kynþætti en hvítum:

- Sjö bækur féllu í þennan hóp.
 - Þar af þrjár af bókunum sem einnig voru með stór/meðalstóra sögupersónu sem er hinsegin.
 - 1 fyrir yngsta stig, 5 fyrir miðstig og 1 fyrir unglingastig

Skólasöfnin þurfa að vera vakandi fyrir jákvæðum jafnréttisáhrifum, ekki síst til handa nemendum sem tilheyra jaðarhópum. Stefna skólasafnanna er að jafna aðstöðumun á milli barna hvað varðar aðgengi að bókum. Í þessu tilliti eru bókakynningar og útstillingar (dæmi Fögnum fjölbreytileikanum) mjög mikilvægar. Skólasöfnin eru í lykilstöðu hvað varðar að ná eyrum og athygli allra nemenda. Starfsfólk þarf að hafa tíma til að kynna sér útgáfuna hverju sinni og efni bókanna til að vekja áhuga á þeim og koma þeim betur í hendurnar á nemendum. Þetta skiptir sköpum þegar um er að ræða bækur sem vega þungt í jafnréttisumræðunni.

Sum skólasöfn eru með kynningar á barnabókaútgáfu ársins í desember og er öllum bekkjardeildum boðið á safnið í slíka kynningu. Að halda svona stóra kynningu fyrir hvern árgang tryggir að nemendur fái reglulega upplýsingar sem þeir þurfa til að velja sér bækur til að lesa. Bóklestur er mikilvægur til að byggja upp orðaforða sem aftur eykur lesskilning. Rithöfundaheimsóknir eru mikilvægar en þær kosta og huga þarf að því að eyrnamerkja fjármagn þannig að nemendur sitji við sama borð, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Reglulega er bókum stillt upp, t.d. eftir ákveðna höfunda, um ákveðið efni, nýjar bækur merktar sérstaklega, útstilling fyrir bækur þar sem sögupersóna er hinsegin. Bæði bækur á íslensku og erlendum tungumálum svo nokkur dæmi séu nefnd.

Barnabókamessan er frábært og mikilvægt framtak til að koma öllum nýútkomnum bókum ársins sem fyrst á skólasöfnin. Þar sitja allir við sama borð.

Í Austurbæjarskóla er engin lyfta. Það útilokar nemendur í hjólastólum og einnig fatlaða sem eiga erfitt með gang. Í Laugarnesskóla og Víkurskóla er aðgengi fyrir hjólastóla gott og þar eru söfnin á 1.hæð við inngang í skólanna.

Vinnuhópurinn skoðaði sérstaklega hvort einhverjir hópar barna séu útilokaðir frá þjónustu safnanna s.s. vegna tungumáls. Þar komum við að flöskuhálsi því erfitt er fyrir alla skóla í Reykjavík að kaupa efni fyrir alla nemendur. Það er langt í frá að skólasöfnin hafi burði til að vera með á boðstólum bækur á tungumálum ÍSAT nemenda. Á Íslandi er fjölmening að aukast og bækur eiga að vera til staðar fyrir okkur öll. Þangað til nemendur verða læsir á íslenska tungu, og reyndar líka síðar, þarf að vera hægt að bjóða þeim upp á lesefni á sínu tungumáli. Það gengur ekki upp að hvert og eitt skólasafn sé að byggja upp þennan safnkost þar sem þörfin er breytileg milli ára.

Hópur skólasafnakennara fór á vegum Erasmus til Svíþjóðar vorið 2022. Þar kynntust þeir Medioteket sem rekið er af skólaskrifstofu Stokkhólms. Medioteket er miðlæg þjónusta þar sem skólar geta fengið lánuð bekkjarsett³ eða árgangasett⁴ í miklu úrvali og valið úr bókum á hinum ýmsu tungumálum, eftir samsetningu og. við hæfi nemenda sem eru í skólanum hverju sinni.

Til vara gætu skólasöfnin skipt með sér verkum við að kaupa inn nýjar bækur á hinum ýmsu tungumálum og þá þarf að hafa í huga að velja bækur sem passa fyrir nemendur á yngsta stigi, miðstigi og unglíngastigi. Til að millisafnalán milli skólasafnanna gangi upp þurfa að vera reglulegar ferðir milli skólanna eða huga að öðrum möguleikum á að koma gögnum á milli skóla. Það segir sig sjálft að eyrnamerkja þarf fjármagn sem hugsað er til að mæta þessu. Kostnaður við ferð með

³ <https://pedagog.stockholm/kompetensutveckling/verktyg-resurser/bocker-pa-manga-sprak-till-skolbiblioteket/>

⁴ <https://pedagog.stockholm/kompetensutveckling/verktyg-resurser/lana-skonlitteratur-i-klassuppsattning-via-cirkulationsbiblioteket/>

bekkjarsett er í hvern borgarhluta einu sinni - tvisvar í mánuði. Áætlaður kostnaður á ferð er 25.-30.000.



Mynd 1. Svipmyndir úr starfi skólabókasafna.

Aðgerðir

Helstu tillögur verkefnahópsins:

Markmiðið með greiningunni var að skoða hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda stuðli að jafnrétti. Okkar niðurstaða er að talsvert vanti upp á að staðan í dag leiði til jafnréttis og eftirfarandi aðgerðir eru lagðar fram til að leiðrétta það:

- Til að jafna aðgengi barna í grunnskólum Reykjavíkur að lesefni þarf að setja á laggirnar miðlæga þjónustu þar sem starfsfólk grunnskólanna getur fengið að láni t.d. bækur á hinum ýmsu tungumálum fyrir þá nemendur sem á þeim þurfa að halda hverju sinni, bókmenntir frá ýmsum löndum og heimshornum í bekkjarsettum o.fl. Sjá Medioteket í Stokkhólmi sem fyrirmynd að þessari þjónustu.
- Innihaldsríkara samstarf við Félag íslenskra útgefenda og aukið fjármagn (t.d. frá menntamálaráðuneytinu) í að styrkja íslenska barna- og ungmennaútgáfu, frumsamið efni og þýðingar. Huga þarf sérstaklega að því að útgefið efni spegli vel fjölbreytileikann í mannlífsflórunni. Einnig vantar sárlega meira úrval bóka fyrir unglínga/ungmennni á íslensku.
- Líka þyrfti að eyrnamerkja upphæð sem hver skóli hefur til ráðstöfunar til rithöfundaheimsókna. Slíkar heimsóknir kosta um 40.000 fyrir hvern skóla.
- Jafna út aðstöðumun á milli grunnskóla, og þar með skólasafna, hvað varðar upphæð sem skólarnir fá til bókakaupa. Það þarf að vera sérstakur kvóti ætlaður til þessa, reiknaður út frá nemendafjölda í hverjum skóla fyrir sig.
- Gott úrval barna- og ungmennabóka sem gefnar eru út á íslensku séu á fastri árlegri úthlutun til skólasafna, þ.e. þær sem gefnar eru út með grunnskólanemendur í huga.
- Tryggja áframhaldandi starfsemi Barnabókamessu í nóvember hvert ár, með níu milljón króna framlagi sem skiptist niður á skóla eftir barnafjölda.
- Vinna að því að efla jafnréttisvitund og auka fræðslu starfsfólks grunnskólanna þannig að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi góðs aðgengis að vönduðu lesefni og þess að allir nemendur í Reykjavík geti fundið samsömun og speglað sig í heimi bókmenntanna.
- Fylgjast með og greina árlega útgefið efni hvað varðar birtingarmyndir ýmissa hópa í barna- og unglíngabókum.

Umræða og lokaorð

Unglingsárin eru viðkvæmur lesaldur því formlegri lestrarkennslu er þá yfirleitt lokið og það er undir börnum sjálfum komið hvort þau lesa sér til ánægju. Rannsóknir hafa leitt í ljós að á unglingsárunum byrjar lestraráhuginn að dvína. Það skiptir því miklu máli að börn á þessum aldri hafi greiðan aðgang að áhugaverðum og skemmtilegum bókum. Ungmennabækur eru mikilvægt svar við lestrarvanda, sem er að færast upp í framhaldsskólana, en útgefna bækur í þeim flokki á íslensku eru allt of fáar. Það er hægt að bæta stöðu barna- og unglingsbóka hér á landi með ýmsum hætti. (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2015).

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). nr. 760/2011

Brynhildur Þórarinsdóttir. (2015). Sísi fríkar út: Nokkrir dropar í bakkafulla læsislækinn. *Tímarit Máls og menningar*, 76(4), 18–31.

Félag íslenskra bókaútgefenda. (2018). *Bókatíðindi*. Sótt af <http://fibut.is/bokatidindi/bokatidhindi-2010-2019>

Félag íslenskra bókaútgefenda. (2022). *Bókatíðindi*. Sótt af <https://www.fibut.is/bokatidindi/bokatidhindi-2020-2029>

Kristín Helga Gunnarsdóttir. (2011, 2. apríl). Bókaþjóðin gæti sín. *Fréttablaðið*, bls. 22

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Reykjavíkurborg. (2012). *Áfangaskýrsla stýrihóps*. Reykjavíkurborg: Reykjavíkurborg. Sótt frá https://reykjavik.is/sites/default/files/Frettir_skjol/afangaskyrsla_styrihops_kfs_-_november_2012.pdf

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Látum draumana rætast - menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. Reykjavíkurborg: Reykjavíkurborg - skóla- og frístundasvið.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Íðorðabankinn. <https://idordabanki.arnastofnun.is/faersla/731295>

Viðauki 1. Yfirlit yfir skólabókasöfn, stærð, útlán og starfsgildi.

Skóli	Starfshlutfall	Eign 2020	Útlán 2011	Útlán 2020	Stærð (fm)
Álftamýrarskóli	100% B/K	15.196	5.013	9876	97.3
Árbæjarskóli	100% B	20.104	11.844	9355	140
Ártúnsskóli	100% B	19.553	2.395	6837	85
Austurbæjarskóli	100% B/K + 67% starfsm.	27.628	15.017	11694	120
Borgaskóli	80% B	16.809	7.992	4158	124.3
Breiðagerðisskóli	100% B/K	11.240	6.951	4622	140
Breiðholtsskóli	100% k + 67% starfsm.	19.483	11.959	8280	140
Dalsskóli	Ritari	8.520			
Engjaskóli	100% K (einnig tölvuver)	18.862	4.570	1895	138
Fellaskóli	100% B	16.492	4.373	3136	80
Foldaskóli	100% K	23.470	10.585	8653	160
Fossvogsskóli	100% B/K	9.119	7.004	5126	150
Grandaskóli	100% K (einnig tölvuver)	26.204	5.873	14298	120
Hagaskóli	100% B	11.923	2.967	1549	125
Hamraskóli	100% K	10.480	2.301	3638	80
Háteigsskóli	100% B/K	16.717	5.157	12254	120 ca
Hlíðaskóli	80% K	22.971	11.856	6942	140
Hólabrekkuskóli	100% B/K	23.080	16.248	12971	163
Húsaskóli	100% K	11.614	4.188	4882	160
Hvassaleitisskóli	100% K (einnig tölvuver)	12.086	5.652	4104	88
Ingunnaraskóli	100% k	29.552	8.567	4779	120
Klébergsskóli	Ritari	6.321	1.937	517	
Langholtsskóli	100% K	28.806	13.323	8595	123+60
Laugalækjarskóli	100% K (einnig tölvuver)	13.534	3.820	1581	120
Laugarnesskóli	60% K (einnig myndmennt)	19.489	13.195	11898	110
Melaskóli	40% k +80% K	16.682	13.185	8453	90
Norðlingaskóli	100% B	8.861	8	6707	
Réttarholtsskóli	100% k	10.495	1.245	1224	163.5
Rimaskóli	100% K	14.532	9.191	10386	120
Sæmundarskóli	Ritari	16.895	1.913		100
Seláskóli	100% K (einnig tölvuver)	22.547	7.218	6497	178
Seljaskóli	100% B	17.426	8.724	12675	104.2
Vesturbæjarskóli	100% K (einnig tölvuver)	9.952	7.049	7979	75
Víkurskóli	100% B/K	7.266	4.830	1723	100 ca
Vogaskóli	100% K (einnig tölvuver)	18.114	6.204	9766	197.5
Ölduselsskóli	100% náttúrufr.	11.815	4.064	8808	200

Gegnir ekki notaður fyrir útlán í: Dalskóla, Klettaskóla, Klébergsskóla, Sæmundarskóla

Viðauki 2. Starfsfólk skólasafna.

Skóli	Nem.fj. 2022	starfsm.kk	starfm.kvk
Austurbæjarskóli	413		2
Álftamýrarskóli	398		1
Árbæjarskóli	686		1
Ártúnsskóli	161		1
Borgaskóli	243	1	
Breiðagerðisskóli	377		1
Breiðholtsskóli	440		2
Dalskóli	441		1
Engjaskóli	225		1
Fellaskóli	360		1
Foldaskóli	480		1
Fossvogsskóli	328		1
Grandaskóli	351	1	
Hagaskóli	590	1	
Hamraskóli	201		1
Háteigsskóli	500		1
Hlíðaskóli	599		1
Hólabrekkuskóli	480	1	
Húsaskóli	137		1
Hvassaleitisskóli	179	1	
Ingunnarskóli	327		1
Klébergsskóli	111	0	0
Langholtsskóli	727		
Laugalækjarskóli	408	1	
Laugarnesskóli	571	1	
Melaskóli	536		1
Norðlingaskóli	594		1
Réttarholtsskóli	435		1
Rimaskóli	514		1
Seláskóli	187		1
Seljaskóli	641		1
Sæmundarskóli	437	0	0
Vesturbæjarskóli	284		1
Víkurskóli	229		1
Vogaskóli	372		1
Ölduselsskóli	512		1
Brúarskóli	33	0	0
Klettaskóli	130	0	0
Samtals		7 (19%)	29 (81%)

Viðauki 3. Erindisbréf verkefnahóps.



Heiti hóps: Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Þjónusta skólabókasafna í Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson
Hlutverk: <p>Tilgangur verkefnisins er að greina þjónustu skólabókasafna í Reykjavík. Valdir hafa verið tveir skólar og rýna skal þjónustu þeirra út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS). Skoða skal hvort kynjajafnræðis sé gætt varðandi val á keyptum bókum, framsetningu og kynningu. Skoða skal hvort þjónusta safnsins komi jafnt til móts við börn og unglunga af öllum kynjum. Einnig skal rýna sérstaklega í það hvort hugað sé að margbreytileikanum í bókakosti safnsins og bækur sem innihalda fjölbreytt mannlíf séu aðgengilegar og vel sýnilegar t.d. bækur sem innihalda fátækt, hinsegin málefni/hinsegin fólk, fólk af erlendum uppruna, fólk með fötlun, fólk með mismunandi líkamsgerð og líkamlega færni. Varpa skal ljósi á þá þjónustu safnsins sem hefur sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif.</p>
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• Að taka saman lista yfir þær bækur sem safnið hefur eignast á skólaárunum 2020-2021 og 2021-2022• Að taka saman lista yfir kynjahlutfall höfunda þeirra bóka• Að taka saman lista yfir kynjahlutfall nemenda sem nýta safnið, er munur á kynjum hvað varðar úttektir á bókum?• Að skoða fjölbreytileikann á bókalista síðustu tveggja ára. Er skortur á birtingarmyndum einhverra jaðarhópa?• Að skoða hvort einhver þjónusta safnsins hafi sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif fyrir einhverja hópa• Að skoða hvort einhverjir hópar barna séu útilokaðir frá þjónustu safnsins s.s. vegna tungumáls• Að skoða hvernig framsetning á bókum er og hvernig þær eru kynntar, eru allar nýjar bækur kynntar á sama hátt eða er valið hverjar fá kynningu? Hvernig er staðið að því vali?• Að leggja fram tillögu að frekari greiningu eða úrbótum eftir því sem við á
Fulltrúar í hópi: <p>Margrét Björnsdóttir, Inga Lára Birgisdóttir, Vala Nönn Gautsdóttir, Vignir L. Jónsson</p>
Formaður vinnuhóps: Margrét Björnsdóttir
Starfsmaður/verkefnastjóri: Inga Lára Birgisdóttir
Ráðgjöf/samstarf: <p>Starfshópur KFS á skóla- og frístundasviði Sigríður Finnbogadóttir verkefnastýra KFS hjá Reykjavíkurborg Aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til</p>
Starfstímabil og skil: <p>01.06 2022 – 01.10 2022 Auk lokaskýrslu skal skila bréfi til ábyrgðarmanns þar sem tilgreint er hverjar helstu tillögur eru, kostnaðarmat ef það á við og skilgreining á ábyrgð og eftirfylgni með framkvæmd tillagna.</p>